# Fundur Ungmennaráðs Hafnarfjarðar

**60. fundur, haldinn í Húsinu, Staðarbergi 6. þriðjudaginn 19. nóvember 2013, kl.21:00**

**Fundinn sátu**: Jón Foss Guðmundsson, Eyþór Agnarsson, Sverrir Valgarður Þrastason, Benedikt Elvar Skarphéðinsson, Christine Mae Velasco, Þórdís Dröfn Andrésdóttir, Kristbjörg Víðisdóttir, Thelma Líf Sigurðardóttir, Yngvi Freyr Óskarsson, Brynhildur Ýr Jónsdóttir, Lára Rós Friðriksdóttir, Bekka Rut Þorbjörnsdóttir, Ína Kathinka Steindórsdóttir og Helga María Helgadóttir

**Afboðuðu**: Elín Lára Baldursdóttir, Birgitta Ósk Bates Gústafsdóttir, Veiga Dís Hansdóttir og Kristjana Rós Sigurðardóttir

**Fundargerð ritaði**: María Birna Jónsdóttir, starfsmaður Ungmennaráðs

**Dagskrá:**

**1. Fundarstjóri**

*Samþykkt að Brynhildur Ýr Jónsdóttir sjái um undirbúning og stýri næsta fundi sem verður 3. desember 2013*

**2. Fundarsköp og fundarstjórnun**

*Þórdís Dröfn Andrésdóttir fór í gegnum helstu atriði er varðar fundarsköp og fundarstjórnun*

**3. Framhaldsskólar**

*Umræða um fordóma gagnvart ýmsum framhaldskólum landsins. Ríkjandi viðhorf í samfélaginu, skólanum og meðal ungs fólks, hefur áhrif á ungmenni þegar kemur að val á framhaldsskóla. Neíkvæð umfjöllun um vissa skóla og jafnvel ákveðin stimplun á sér stað ef ungmenni velur að stunda nám í ákveðnum framhaldsskólum. Þessu þarf að breyta. Þörf er á fræðslu. UMH mun vinna í að koma með tillögur.*

**4. Stjórnlög unga fólksins**

*Þórdís Dröfn Andrésdóttir kynnt fyrir fulltrúum UMH stjórnlög unga fólksins*

**5. Strætóskýli í Hafnarfirði**

*UMH hvetur Strætó að koma upp fleiri strætóskýlum. Þau eru allt of fá í Hafnarfirði og þar sem veður getur verið ansi erfitt á köflum þá er gott að geta skýlt sér í skýli á meðan það er verið að bíða eftir strætó.*

**6. Önnur mál**

*Yngvi Freyr Óskarsson, Þórdís Dröfn Andrésdóttir og Sverrir Þrastason flytja erindi um UMH og lýðræðisverkefnið, Youth: your voice – styrkt af Evrópu unga fólksins, á ráðstefnu um íslenskar æskulýðsrannsóknir 29. nóvember 2013. Krisbjörg Víðisdóttir tekur saman í grein og Eyþór Agnarson mun taka viðburðinn upp.*

**Næsti fundur áætlaður 3. desember 2013. Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 21:43**